

Skýrsla bæjarstjóra fyrir tímabilið 15. júní til 30. ágúst 2016.

Ágætu bæjarfulltrúar,

Ég flyt nú skýrslu bæjarstjóra fyrir tímabilið 15. júní til 30 ágúst 2016. Bæjarstjórnin var í leyfi á þessum tíma og bæjaráð fór með umboð bæjarstjórnar. Haldnir hafa verið 5 bæjarráðsfundir á tímabilinu. Ég mun ekki fara í gegnum dagbókina með hefðbundnum hætti, enda sumarið sérstakur tími í stjórnsýslunni og mörg verkefni fara í frost yfir sumarið. Sum sveitarfélög hafa tekið til ráðs að loka stjórnsýslunni í 2 til 3 vikur á því tímabili sem flestir landsmenn eru í fríum eða frá 20 júlí og fram yfir verslunarmannahelgi. Ísafjörður fór þessa leið svo dæmi sé tekið. Þá er bakvakt á skrifstofunni ef eitthvað sérstakt kemur upp á en að öðru leyti þá er tæknideild og þeir sem sjá um umhirðu svæða að sjálfsögðu með opið

en ekki hefðbundna stjórnsýslan. Mér finnst sjálfri of langur tími fara til spillis vegna fría því mikið af verkefnum sem við erum að vinna hér innanhúss eru samvinnuverkefni og unnin af fleiri en einum starfsmanni auk þess sem við erum í samspili við aðrar stofnanir og fyrirtæki vegna sameiginlegra verkefna. Þau geta lent í bið í margar vikur þar sem það vantar alltaf einhvern lykilaðila til að klára. Mér finnst mikilvægt að velta þessari hugmynd hér upp, um sumarlokun á tilteknum tíma.

Hátíðarhöldin á [17. júní](#) fóru mjög vel fram. Knattspyrnukonan Hallbera Gísladóttir var valin fjallkona Akraness, Hrönn Ríkarðsdóttir flutti hátíðarávarp og Þjóðlagasveitin fékk þann heiður að vera valin bæjarlistamaður 2016. [Írskir dagar](#) fóru sömuleiðis vel fram og voru með hefðbundnu sniði fyrir utan viðbótardagskrá á sunnudagseftirmiðdeginum. EM skjár var settur upp í Garðalundi þar sem bæjarbúum gafst kostur á að horfa á Ísland –

Frakkland. Þrátt fyrir tapið – þá voru menn sammála um að þessi viðburður hefði verið mjög vel heppnaður. Ég vil færa þeim Ellu Maríu Gunnarsdóttur og Hallgrími Ólafssyni bestu þakkir fyrir faglegt og gott utanumhald með Írskum dögum og að sjálfsögðu ber að þakka Vinum hallarinnar fyrir þeirra vinnu sem gerði okkur kleyft að undirbúa uppsetningu EM skjásins með nokkurra daga fyrirvara.

Nýr [skólastjóri](#) tónlistarskólans var ráðinn í júní, Guðmundur Óli Gunnarsson og hóf hann störf í byrjun ágúst og fyrsti starfsdagur í skólanum var á miðvikudag í síðustu viku. Ég opnaði dagskrána í skólanum með því að bjóða Guðmund Óla velkominn til starfa og óska starfsfólkinu góðs starfsárs.

Við [kvöddum](#) Lárus Sighvatsson fyrrverandi skólastjóra tónlistarskólans og Hrönn Ríkarðsdóttur fyrrverandi skólastjóra Grundaskóla á forstöðumannafundi sem var haldinn í Stúkuhúsinu í júní en þau áttu bæði

afar langan og farsælan starfsaldur að baki hjá Akraneskaupstað.

Nýr sviðsstjóri, [Svala Hreinsdóttir](#) var ráðin yfir velferðar- og mannréttindasvið en Jón Hrói Finnsson fráfarandi sviðsstjóri mun flytja sig norður í land á nýjan leik. Ég vil þakka honum fyrir ákaflega góð störf í þágu Akraneskaupstaðar og einnig Írisi Reynisdóttur sem hefur látið af störfum sem garðyrkjustjóri. Við auglýstum stöðu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og það voru 14 mjög góðir umsækjendur um þá stöðu og það ætti að liggja fyrir niðurstaða næstu daga. Ég vil sömuleiðis þakka [Helgu Gunnarsdóttur](#) fyrir afar farsæl störf sem sviðsstjóri hjá Akraneskaupstað en hún lét af störfum í sumar.

Það eru fleiri breytingar í farvatninu en við höfum haft það fyrir stefnu á bæjarskrifstofunni að þegar starfsmaður lætur af störfum að rýna mjög vel starfslýsingar og velta fyrir okkur hvernig sérþekkingu við

þurfum mest á að halda hingað inn í stað þess að auglýsa stöður strax án fyrirbyggjandi greiningar.

Framundan er fjárhagáætlunarvinna en staðan hjá okkur er þröng eins og endranær og því mikilvægt að vera á tánum varðandi öll útgjöld og endurhugsa hlutina. Það verður þó að segjast eins og er að það er líka mikilvægt fyrir okkur sem stjórnendur að orðræðan snúist ekki bara um fjármál og hagræðingu heldur öll þau áhugaverðu viðfangsefni sem við stöndum frammi fyrir og vangaveltur um bestu leiðirnar.

Ég hef í sumar sótt ýmsa fundi, eins og fund með þjóðminjaverði og fleiri fagaðilum vegna samstarfsins við Minjastofnun um Kúttir Sigurfara. Við fengum styrk frá Minjastofnun til að ráða verkefnisstjóra, Evu Dal, sem hefur unnið mjög góða greiningarvinnu en hún er komin í tengsl við aðila erlendis sem hafa sérhæft sig í minjavernd. Stefnan er sett á málþing þar sem rætt verður um kúttirinn og

sambærileg verkefni og bestu leiðir til varðveislu heimilda. Ég tók þátt í sviðsmyndagreiningu fyrir nýja byggðastefnu á Íslandi á vinnufundi í Nýsköpunarmiðstöð Íslands og voru um 20 manns héðan og þaðan úr ýmsum atvinnugreinum í þjóðfélaginu sem rýndu í framtíðina.

Á sumrin snýst allt um umhirðu bæjarins og verklegar framkvæmdir. Okkur hefur gengið ágætlega að halda bænum hreinum þrátt fyrir að vera með mun færri ungmenni í Vinnuskólanum en við erum vanalega með, eða 30 færri en síðasta sumar. Varðandi aðrar framkvæmdir þá hafa malbikunarframkvæmdir við [Vesturgötuna](#) tafist þar sem rannsaka þurfti undirlag götunnar og taka ákvarðanir um lagningu í kjölfarið.

Ný leiktæki voru sett upp á [tjaldsvæðinu](#) í Kalmansvík en gestum tjaldsvæðisins hefur fjölgað um tæplega 40 % í sumar. Einnig hefur gestum í Akranesvita fjölgað mjög en í lok júlí

voru þeir orðnir 7.800 en voru 9.600 allt árið í fyrra. Bæjarráð ákvað því á síðasta fundi sínum að halda [Akranesvita](#) opnum í vetur, frá þriðjudögum til laugardags. Síðastliðin ár hefur upplýsingamiðstöðin á Akranesi verið rekin í gamla Landsbankahúsinu og hefur opnunartími hennar verið frá miðjum maí fram í miðjan september. Í tillögunni sem var samþykkt í bæjarráði er lagt til að sameina rekstur Akranesvita og upplýsingamiðstöðvar og reka fyrrgreindar starfsstöðvar sameiginlega í vitanum. Þar til viðbótar væri gert ráð fyrir að setja upp standa með upplýsingaefni fyrir ferðamenn á fleiri stöðum í bænum, svo sem í sundlauginni að Jaðarsbökkum og bókasafninu en fyrir eru upplýsingastandar á byggðasafninu og tjaldsvæðinu. Ennfremur að auka rafræna upplýsingagjöf m.a. með þráðlausu neti á helstu stöðum bæjarins, svo sem á Langasandi, tjaldsvæðinu, í Akranesvita og á Akratorgi.

Ég læt þessari yfirferð yfir viðfangsefni
sumarsins lokið og þakka ykkur góða áheyrn.